

18/07/2023

# Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Ársskýrsla 2022

Lára Guðmundsdóttir  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
1.1	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN .....	2
1.2	SKAMMSTAFANIR.....	2
<b>2</b>	<b>HEILBRIGÐISNEFND</b> .....	<b>3</b>
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR AUSTURLANDS .....	4
<b>3</b>	<b>FJÁRMÁL OG REKSTUR</b> .....	<b>4</b>
<b>4</b>	<b>STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2022</b> .....	<b>5</b>
4.1	STARFSMENN OG AÐSETUR .....	5
4.2	SAMSTARFSFUNDIR OG ENDURMENNTUN .....	5
<b>5</b>	<b>STARFSEMI HAUST 2022</b> .....	<b>6</b>
5.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2022 .....	6
5.2	EFTIRLIT ÁRSINS.....	7
5.3	SÝNATAKA.....	8
5.4	TÓBAKSSÖLULEYFI.....	9
5.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR.....	9
<b>6</b>	<b>MATVÆLAEFTIRLIT 2022</b> .....	<b>11</b>
6.1	NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU .....	13
6.2	MATVÆLAHÓPUR .....	15
<b>7</b>	<b>HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2022</b> .....	<b>16</b>
7.1	GISTISTAÐIR .....	16
7.2	SKIPASKOÐANIR.....	17
7.3	SUND- OG BAÐSTAÐIR .....	17
7.4	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR .....	18
<b>8</b>	<b>MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2022</b> .....	<b>19</b>
8.1	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR .....	19
<b>9</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>20</b>



## 1 INNGANGUR

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2022. Ársskýrslan, sem er eingöngu gefin út rafrænt, er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is), ásamt fyrri ársskýrslum HAUST.

### 1.1 Stjórnsýsluleg skipan

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 9 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa fimm sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, Fjarðabyggð og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

### 1.2 Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti	UAR



## 2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi 2020 voru gerðar breytingar á nefndarskipan á aðalfundi HAUST í október 2020: Heilbrigðisnefnd er nú þannig skipuð:

Formaður:	Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Stefán Bogi Sveinsson, Múlaþingi Gunnhildur Imsland, Hornafjörður Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði
Fulltrúi atvinnurekenda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:	Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Fjarðabyggð Gauti Jóhannesson, Múlaþingi Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, Múlaþingi Kristján Sigurður Guðnason, Hornafjörður Ásdís Helga Bjarnadóttir, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekenda:	Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað
F.h. náttúruverndarnefnda:	Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafirði

Ný heilbrigðisnefnd var kosin á aðalfundi byggðarsamlags um heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis þann 26. október 2022.

Formaður:	Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Jónína Brynjólfssdóttir, Múlaþingi Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Hornafjörður Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði
Fulltrúi atvinnurekenda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:	Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð Ólafur Áki Ragnarsson, Múlaþingi Kristjana Sigurðardóttir, Múlaþingi Janine Arens, Hornafjörður Guðni Jónsson, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekenda:	enginn tilnefndur
F.h. náttúruverndarnefnda:	Gunnhildur Imsland, Hornafirði



## 2.1 Starf Heilbrigðisnefndar Austurlands

Heilbrigðisnefnd fundar að jafnaði sex sinnum á ári. Flestir fundir nefndarinnar eru fjarfundir enda langt á milli nefndarmanna. Nefndin reynir þó að hittast reglulega til að funda auk aðalfundar. Á árinu 2022 voru haldnir fimm fundir í heilbrigðisnefnd og hittist nefndin Skriðuklaustri í september. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. var haldinn í Múlanum í Neskaupstað. Ný heilbrigðisnefnd hittist á sínum fyrsta fundi á Egilsstöðum í september. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar og fundargerð aðalfundar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir Heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2022 voru sem hér segir:

2. febrúar	6. apríl
15. júní	14. september
1. desember	

## 3 FJÁRMÁL OG REKSTUR

Heildarframlög sveitarfélaganna til HAUST eru tvenns konar. Annars vegar áætlaðar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi í hverju sveitarfélagi og hins vegar íbúuframlag, bein gjöld sveitarfélaga skv. íbúafjölda næstliðins árs. Sveitarfélög greiða framlög til HAUST með mánaðarlegum greiðslum og annast innheimtu eftirlitsgjalda.

Byggðasamlag um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði hefur undanfarið verið rekið með nokkrum afgangi. Tekjum er ætlað að standa undir þeirri lögbundnu þjónustu sem embættinu er ætlað að veita. Kostnaður við rekstur HAUST hefur verið minni en áætlanir gerðu ráð fyrir undanfarin ár, meðal annars vegna áhrifa COVID-19. Ekki hefur verið talið æskilegt að byggðasamlag sé að skila hagnaði og hefur því sú leið verið farin undanfarin tvö ár að endurgreiða sveitarfélögum hluta af íbúuframlagi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2021 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

	Niðurstaða ársreiknings 2021	Áætlun 2022
Tekjur	87.582.476	89.866.448
Gjöld	86.935.794	92.150.488
<b>Niðurstaða</b>	<b>659.590</b>	<b>-2.284.040</b>

Á sl. aðalfundi byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði var sú ákvörðun tekin að lækka íbúuframlag sveitarfélaganna úr 30% í 25% í fjárhagsáætlun ársins 2023.



## 4 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2022

### 4.1 Starfsmenn og aðsetur

Alls störfuðu sex starfsmenn hjá HAUST í 4,9 stöðugildum á árinu 2022. Leifur Þorkelsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri HAUST í október og tók við stöðu sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Staða framkvæmdastjóra var auglýst og sóttu tveir um þá stöðu. Gengið var frá ráðningu Láru Guðmundsdóttur en hún hefur gegnt stöðu staðgengils framkvæmdastjóra HAUST frá 2017. Dröfn Svanbjörnsdóttir lét af störfum á árinu. Starfsmenn HAUST eru dreifðir um starfssvæði sem er víðfeðmt og var ný skrifstofa opnuð á árinu á Djúpavogi. Aðalskrifstofa HAUST er að Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði. Starfsmenn HAUST eru sem hér segir:

Tafla 1. Starfsmenn HAUST á árinu 2022 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi	Aðsetur
Borgþór Freysteinnsson, <b>BF</b> mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.	Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Dröfn Svanbjörnsdóttir <b>DS</b> heilbrigðisverkfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, sviðsstjóri mengunarvarnasviðs	Austurvegur 20, 730 Reyðarfirði
Elínborg Sædis Pálsdóttir <b>ESP</b> M.Sc í líffræði og heilbrigðisfulltrúi	75% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Ólöf Vilbergsdóttir <b>ÓV</b> M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun og B.Sc. í umhverfisfræðum og heilbrigðisfulltrúi	75% stöðugildi	Bakki 1, 765 Djúpivogur
Leifur Þorkelsson, <b>LÞ</b> sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, framkvæmdastjóri	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Lára Guðmundsdóttir, <b>LG</b> M.Sc. í auðlindafræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, staðgengill framkvæmdastjóra	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir


### 4.2 Samstarfsfundir og endurmenntun

Lögð er áhersla á að starfsmenn HAUST sækja þá fræðslu sem í boði er og hafa starfsmenn verið duglegir að sinna endurmenntun. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hélt tveggja daga ráðstefnu á Akureyri í apríl. Yfirskrift ráðstefnunnar var „heilnæm líffskilyrði og umhverfi fyrir alla“. Ráðstefnan var vel sótt og vel heppnuð. Í september sat einn starfsmaður HAUST norræna matvælaeftirlitsráðstefnu á netinu þar sem lögð var áhersla á matvælasvindl, matarsóun, áhrif eftirlits og stafrænt eftirlit. Haldið var námskeið á vegum Umhverfisstofnunar í desember um mengaðan jarðveg og sátu tveir starfsmenn HAUST það námskeið. Samstarf milli MAST og UST er mikilvægt m.t.t. samræmingar eftirlits og til að efla samstarf milli stofnananna og heilbrigðiseftirlits. Fundir eru haldnir alla jafna mánaðarlega með hverri stofnun fyrir sig. Vorfundur framkvæmdastjóra var haldinn í Borgarfirði en auk þess halda framkvæmdastjórar mánaðarlega fjarfundi.



## 5 STARFSEMI HAUST 2022

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í þrjú megin svið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið.




**Mynd 1. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva**

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæði HAUST var 1.409 árið 2022. Fyrirtækjum með starfsleyfi hjá HAUST hefur fækkað lítillega á milli ára, allt frá árinu 2018. Nánar verður fjallað um fjölda fyrirtækja með starfsleyfi síðar í skýrslunni.

### 5.1 Útgefin starfsleyfi árið 2022

Alls voru gefin út 128 starfsleyfi árið 2022 þar af voru 14 tímabundin starfsleyfi. Auk þess voru 3 skráningar skv. reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samþykktar á árinu. Um er að ræða nokkra fækkun frá fyrra ári en þá voru gefin út samtals 188 starfsleyfi.



Mynd 2. Útgefin starfsleyfi 2018-2022.

## 5.2 Eftirlit ársins

Eftirlitsáætlun ársins 2022 gerði ráð fyrir að alls 700 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu í tengslum við reglubundið eftirlit. Heimsóttar voru 503 starfsstöðvar eða 72% sem er talsvert lægra hlutfall en árið 2021. Þetta lága hlutfall eftirlitsheimsókna á árinu skýrist fyrst og fremst af þeim miklu mannbreytingum sem urðu á árinu. Auk reglubundins eftirlits voru fyrirtæki heimsótt vegna úttekta í tengslum við starfsleyfisvinnslu, kvartana, eftirfylgni og vegna sýnatöku.

Tafla 2. Eftirlitsferðir ársins 2022

	Hollustuháttasvið	Matvælasvið	Mengunarvarnasvið	Alls
Á eftirlitsáætlun	284	290	126	700
Reglubundið eftirlit	224	207	72	503
<b>Hlutfall heimsótt</b>	<b>79%</b>	<b>71%</b>	<b>57%</b>	<b>72%</b>






### 5.3 Sýnataka

Á árinu 2022 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 250 sýni og sendi til rannsóknar, sem er talsverð fækkun miðað við árin á undan. Tekin voru 86% af þeim sýnum sem áætlanir gerðu ráð fyrir að tekin yrðu á árinu.

Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Líkt og undanfarin ár var algengast að sýni væru tekin af neysluvatni. Auk þess er tekið talsvert af sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa og heilnæmi baðvatns. Á meðfylgjandi mynd sést yfirlit yfir fjölda og tegundir sýna sem tekin voru á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.




Mynd 3. Fjöldi sýna undanfarin 5 ár.



## 5.4 Tóbakssöluleyfi

Alls höfðu 30 sölustaðir leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands til smásölu á tóbaki í árslok 2022. Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í fjögur ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Á meðfylgjandi mynd sést fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gilda leyfa á hverju ári.



Mynd 4. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi.

## 5.5 Kvartanir og ábendingar

Kvartanir og ábendingar sem berast Heilbrigðiseftirlitinu eru skráðar og kannaðar nánar ef tilefni er til. Farið er með allar kvartanir og ábendingar sem berast heilbrigðiseftirlitinu sem trúnaðarmál og undir engum kringumstæðum er upplýst um hver kemur ábendingunni á framfæri. Ábendingar sem berast heilbrigðiseftirlitinu geta verið gagnleg viðbót við eftirlit heilbrigðisfulltrúa. Senda má kvartanir eða ábendingar á netfangið [haust@haust.is](mailto:haust@haust.is) eða í síma 474-1235.

Skráðar voru 42 kvartanir í kvartanaskrá HAUST árið 2022 sem er talsvert fleiri en árið á undan. Kvartanir vegna gæludýra sem voru áberandi á meðan Covid-faraldurinn stóð sem hæst, hafa nánast horfið. Nokkrar kvartanir bárust hins vegar vegna umgengni á einkalóðum en víða má finna einstaklinga sem hafa tekið upp á því að safna númerslausum bílum og ýmiss konar úrgangi í þéttbýli. Eins hafa nokkrar kvartanir borist vegna sambærilegrar úrgangssöfnunar í dreifbýli sem sýnileg er frá þjóðvegi 1.

Kvartanir á matvælasviði eru alla jafna ekki margar á ári. Þær kvartanir sem bárust á árinu tengdust umgengni í matvælafyrirtækjum, merkingum matvæla og gæðum matvæla.

Kvartanir sem bárust á sviði mengunar- og umhverfismála voru flestar vegna hávaða frá atvinnustarfsemi.



Á hollustuháttasviði voru flestar kvartanir og ábendingar tengdar óþrifnaði og raka í húsnæði. Þó nokkur mál komu inn á borð embættisins í kjölfarið þar sem grunur var um að myglu væri að finna í opinberum stofnunum.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

	2018	2019	2020	2021	2022
Matvæli	6	4	7	4	4
Mengun/umhverfismál	14	16	20	11	11
Hollustuhættir	13	3	5	5	10
Aðrar kvartanir	19	14	19	5	17
<b>Alls</b>	<b>52</b>	<b>37</b>	<b>51</b>	<b>25</b>	<b>42</b>



Mynd 5. Ræstigeymsla



## 6 MATVÆLAEFTIRLIT 2022

Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 412 í árslok 2022 og fjölga um tvö á milli ára. Skiptingu fyrirtækjanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2018	2019	2020	2021	2022
Stóreldhús	173	173	176	177	179
Vatnsveitur <150 íbúar	120	123	126	128	126
Vatnsveitur > 150 íbúar	15	20	20	19	19
Smásalar	41	41	39	40	38
Framleiðsla og pökkun	31	36	37	37	40
Önnur matvælafyrirtæki	9	9	9	9	10
<b>Alls</b>	<b>399</b>	<b>402</b>	<b>407</b>	<b>410</b>	<b>412</b>

Flest matvælafyrirtæki á starfssvæðinu eru sem fyrr stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir og mötuneyti. Vatnsveitur á svæðinu voru 145 í árslok 2022, þar af 126 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri. Í flokk lítilla vatnsveitna falla til dæmis vatnsveitur sem þjóna ferðaþjónustu í dreifbýli, kúabúum og annarri matvælaframleiðslu í dreifbýli.

Eftirlitsáætlun HAUST gerir ráð fyrir að matvælafyrirtæki séu heimsótt árlega að jafnaði, þó að undanskildum litlum vatnsveitum, sem heimsóttar eru annað hvert ár.



**Mynd 6. Matvælageymsla**



## 6.1 Niðurstöður sýnatöku


Til þess að staðfesta að kröfur sem settar eru í reglugerðum varðandi örveru- og efnafræðileg gæði matvæla séu uppfylltar eru tekin sýni og send til rannsókna. Líkt og oft áður eru flest matvælasýni sem tekin voru árið 2022 af neysluvatni. Tekin eru auk þess sýni af ís úr vél við reglubundið eftirlit með ísvélum.

### 6.1.1 Neysluvatn

Úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum eru tekin allt að 6 sýni árlega, en fjöldi sýna ræðst af því hve mörgum veitan þjónar og einnig hvort um er að ræða vatnshreinsibúnað á borð við útfjólublátt ljós.


Úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum skal reglubundið afla upplýsinga um ástand neysluvatns með tillit til efna, eðlis og örverufræðilegra þátta. Slík heildarúttekt var gerð fyrir tíu neysluvatnsveitur á árinu.

Nýjustu niðurstöður fyrir heildarúttektir vatnsveitna og reglubundið eftirlit stærri vatnsveitna eru aðgengilegar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is)



**Mynd 7. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum**

Af 73 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 93% standast gæðakröfur. Stórum vatnsveitum þar sem geislunarbúnaði hefur verið komið upp hefur fjölgað. Slíkur búnaður er nauðsynlegur til að tryggja vatnsgæði þar sem vatnsbólum er hætt við mengun. Aðgangur að öruggu neysluvatni er okkur öllum mikilvægur.




**Mynd 8. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum**

Af 67 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða færri reyndust 56 vera fullnægjandi eða 84%, eins og í fyrra. Minni vatnsból eru viðkvæmari fyrir mengun t.d. vegna yfirborðsvatns og því algengara að sýni frá minni vatnsveitum standist ekki gæðakröfur heldur en í stærri vatnsveitum. Ekki er þó síður mikilvægt að tryggja vatnsgæði hjá minni veitunum. Aðilar sem tengdir eru minni vatnsveitum eru t.d. ferðaþjónustuaðilar og matvælaframleiðendur og öruggt neysluvatn er undirstaða starfsemi þeirra.



### 6.1.2 Ís úr vél

Ekki er víst að allir átti sig á að ís úr vél flokkast sem viðkvæm matvæli og að hráefnið spillist auðveldlega sé reglum um hreinlæti og kælingu ekki fylgt. Af þeim sökum fá sölustaðir sem selja ís úr vél árlegt eftirlit og er hluti af því eftirliti að taka sýni af ísnum. Sýnin eru rannsökuð m.t.t. reglugerðar um örverufræðileg viðmið. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður síðastliðins árs bornar saman við niðurstöður undanfarinna fjögurra ára.



Mynd 9. Ís úr vél, niðurstöður sýnatöku

Af þeim níu sýnum sem tekin voru var eitt sem stóðst ekki kröfur. Árið 2021 stóðust öll þau 9 sýni sem tekin voru við eftirlit kröfur og var það í fyrsta sinn sem slíkt hafði gerst við sýnatöku hjá HAUST. Nauðsynlegt er að viðhafa öflugt eftirlit með áherslu á hreinlæti, virkt innra eftirlit og bættu meðferð á ísblöndu.

## 6.2 Matvælahópur

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipuleggur meðal annars sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti og fundaði reglulega á árinu 2022. Fulltrúi HAUST í matvælahópnum framan af ári var Leifur Þorkelsson og tók Elínborg Pálsdóttir setu í hópnum eftir brotthvarf Leifs.





## 7 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2022

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 645 í árslok 2022. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin fjögur ár.

Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árin 2017- 2021.


Flokkur	2018	2019	2020	2021	2022
Sala á gistingu	321	310	306	288	278
Samkomustaðir	84	87	79	78	77
Skólar og menntastofnanir	64	61	60	59	60
Íþróttaaðstaða	57	60	62	61	60
Snyrtistofur	38	35	37	39	34
Heilbrigðisþjónusta	33	32	32	34	34
Leiksvæði	68	71	67	69	66
Hestaleigur	10	9	9	9	9
Annað	31	31	31	32	27
<b>Alls</b>	<b>706</b>	<b>696</b>	<b>683</b>	<b>669</b>	<b>645</b>

Fyrirtækjum á hollustuháttasviði fækkar lítillega á milli ára og hefur sú þróun haldist síðastliðin fimm ár. Fjöldi fyrirtækja á sviði hollustuhátta breytist lítið í flestum fyrirtækjaflokkum að undanskildum gististöðum. Í flokknum "Sala á gistingu" fækkar stöðum úr 288 í 278 milli ára. Sú fækkun hefur í raun staðið allt frá árinu 2017 en þá fjölgaði útgefnum starfsleyfum fyrir gististaði í heimahúsi mjög.

### 7.1 Gististaðir

Á sviði hollustuhátta eru gististaðir viðamesti fyrirtækjaflokkurinn. Í lok árs 2022 voru 278 gististaðir með starfsleyfi á starfssvæði HAUST.

Mest fækkar litlum gististöðum með færri en 16 gesti. Þetta eru oftast en ekki aðilar sem fengu starfsleyfi fyrir heimagistingu í íbúðarhúsi eða sumarhúsi í eigin eigu. Þeir sem ekki eru hættir rekstri halda áfram að færa sig undir oft nefnda 90 daga reglu þar sem einungis er krafist skráningar hjá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 10. Fjöldi gististaða með starfsleyfi hjá HAUST

## 7.2 Skipaskoðanir


Í samræmi við kröfur í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni þurfa öll skip sem eru í millilandasiglingum og koma að landi á Íslandi að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. HAUST hefur á undanförunum árum skoðað skip og gefið út slík vottorð í kjölfarið.

Árið 2022 framkvæmdi HAUST þrjár skipaskoðanir í Fjarðabyggðahöfnum, jafnmargar og síðastliðin tvö ár.

## 7.3 Sund- og baðstaðir

Sund- og baðstaðir eru starfsleyfisskyldir hjá heilbrigðisnefnd sem hefur eftirlit með að starfsemi uppfylli kröfur sem um hana gilda. Eftirlit heilbrigðisnefnda með sund- og baðstöðum snýr að vatnshreinsikerfi og heilnæmi baðvatnsins, almennum hollustuháttum og aðbúnaði gesta. Í eftirliti undanfarinna ára hefur verið lögð áhersla á að fara yfir slysaskráningu. Enda mikilvægt að yfirfara viðbrögð við slysum, fara ofan í saumana á hvort koma megí í veg fyrir sambærileg slys og skoða hvort gerðar hafi verið viðeigandi úrbætur í kjölfar slysa. Í reglubundu eftirliti eru tekin sýni af baðvatni allra laugarkerfa á sund- og baðstöðum, þar með talið úr köldum körum. Ekki er gerð krafa um hreinsibúnað né sóttthreinsun í köldum kerjum ef hægt er að tryggja heilnæmi vatnsins á annan hátt. Alla jafna koma laugar með sjálfvirkri stýringu á klórblöndun og sýrustigi vel út og standast gæðakröfur. Hins vegar hefur verið vinsælt að ferðaþjónustuaðilar setji upp heita potta við gististaði og þar hefur mörgum reynst erfitt að viðhalda heilnæmi baðvatnsins. Á slíkum stöðum er alla jafna ekki fylgst með því hvort baðgestir baði sig áður en haldið er til laugar og sjálfvirkur hreinsibúnaður er sjaldnast fyrir hendi.

Alls voru tekin 50 baðvatnssýni á árinu 2022 en lagt er upp með að taka sýni þegar álag er sem mest á laugarkerfum. Af þessum 50 sýnum stóðust fimm ekki gæðakröfur. Flest sýnanna sem ekki stóðust gæðakröfur voru tekin úr köldum körum og úr heitum pottum án hreinsibúnaðar á gististöðum.



**Mynd 11. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.**

Á starfssvæði HAUST eru tvær laugar sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, önnur flokkast í 1. flokk en hin í 2. flokk. Baðvatnssýni sem tekin voru úr náttúrulegum stóðust öll viðmiðunarmörk skv. reglugerðar nr. 460/2015, líkt og verið hefur undanfarin ár.

## 7.4 Hollustuháttahópur

Markmið samstarfshóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á sviði hollustuhátta er m.a. að vera grundvöllur samráðs og samhæfingar eftirlits. Fulltrúi HAUST í hópnum er Lára Guðmundsdóttir. Alla jafna er fundað mánaðarlega að undanskildum sumarmánuðum. Hollustuháttahópurinn fundaði stopult yfir árið og ekki var haldinn staðfundur á árinu. Mikil vinna meðlima hópsins á árinu fór í að yfirfara og samræma skráningarskilyrði vegna gildistöku nýrrar reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur.

Unnið var að tveimur eftirlitsverkefnum á árinu. Gerð var könnun á öryggismálum á hjúkrunar- og dvalarheimilum og byrjað var á eftirlitsverkefni um tjaldsvæði og á það verkefni að ná yfir tvö ár.



## 8 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2022

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2022 voru 352 starfsstöðvar á mengunarvarnarsviði og fjölgar þeim um ellefu á milli ára. Skiptingu starfsstöðvanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnarsviði.

Flokkur	2018	2019	2020	2021	2022
Þjónusta við bíla og tæki	124	119	120	117	118
Meðferð úrgangs	82	80	75	79	84
Matvælavinnsla	43	40	39	42	36
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	28	28	29	29	29
Jarðefnavinnsla	16	13	14	16	16
Þauleldi	4	1	1	1	0
Trésmíðaverkstæði	14	13	14	14	14
Verslanir og vörugeymslur	5	6	5	5	6
Þvottahús og efnalaugar	11	12	11	11	10
Annað	31	27	27	27	39
<b>Alls:</b>	<b>358</b>	<b>339</b>	<b>335</b>	<b>341</b>	<b>352</b>

### 8.1 Umhverfisgæðahópur

Umhverfisgæðahópur er skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á landsvísu. Fulltrúi HAUST í hópnum voru Dröfn Svanbjörnsdóttir (fyrri hluta ársins) og Ólöf Vilbergsdóttir (seinni hluta ársins). Hópurinn fundaði reglulega yfir vetrartímann.

Hópurinn vann að gerð verklags við skráningu á starfsemi og gerð starfsskýrða í tengslum við nýja reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur. Önnur verkefni sem eru í gangi varða bryggjugeyma og kortlagningu neyslu-, lausa- og húsageyma hjá fyrirtækjum og verktökum.



## 9 LOKAORÐ

Verkefni HAUST á árinu 2022 voru með hefðbundnum hætti. Ýmis krefjandi verkefni komu inn á borð heilbrigðiseftirlitsins sem starfsfólk leysti á öruggan hátt í góðri samvinnu við eftirlitsþega og aðrar eftirlitsstofnanir. Lögð hefur verið áhersla á slíkt samstarf enda grunnur að góðum árangri við eftirlit. Starfsmenn HAUST taka virkan þátt í samstarfshópum á sviði mengunar, hollustuhátta og matvælaeftirlits. Slíkt samstarf er mikilvæg undirstaða í samræmingu eftirlits og eflir samvinnu heilbrigðisfulltrúa og eftirlitssvæða. Nokkur starfsmannavelta var á árinu sem setti sitt mark á starfsemina. Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri HAUST lét af störfum um mitt ár og tók við starfi framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Staða framkvæmdastjóra var auglýst í byrjun ágúst og sóttu tveir um. Vegna mikilla mannbreytinga náðist ekki að uppfylla eftirlitsmarkmið ársins eins og gert var ráð fyrir.

Rekstur byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis hefur skilað rekstrarafgangi undanfarin ár og var því íbúaframlag sveitarfélaganna endurgreitt að hluta um áramót. Var sú leið farin annað árið í röð enda sé ekki hlutverk byggðasamlagsins að skila hagnaði heldur gert ráð fyrir að tekjur þess standi undir þeirri lögbundnu þjónustu sem embættinu er ætlað að veita.

Samningur við Umhverfisstofnun um framsal eftirlits með fiskimjölsværsmiðjum rann út í árslok 2021. HAUST hefur lýst yfir vilja við bæði Umhverfisstofnun og Matvælastofnun um að taka að sér eftirlitsverkefni á starfssvæði HAUST fyrir hönd stofnanna. Heilbrigðisnefnd hefur ítrekað fjallað um vilja eftirlitsins til að taka að sér aukið eftirlit og bent á hagræði þess að eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu.

Stærsta áskorun ársins var eflaust reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur sem tók gildi 15. nóvember. Reglugerðin hafði verið í undirbúningi frá árinu 2018. Markmið reglugerðarinnar var að einfalda og auka skilvirkni stjórnáskráningu og bæta aðgengi að henni. Mikill vandræðagangur skapaðist mánuðina eftir gildistöku reglugerðarinnar, fyrst og fremst vegna þess að tölvukerfið sem taka átti við umsóknum var ekki tilbúið. Fyrir hönd heilbrigðiseftirlitssvæðanna óskuðu Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi eftir að gildistöku yrði frestað meðan unnið yrði að úrlausn á tæknilegum málum, en án árangurs. Enn er unnið að úrlausn tæknimála og samþættingu við tölvukerfi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og óljóst hvenær þeirri vinnu lýkur.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði í október sl. starfshóp til skoðunar á eftirlitskerfi hins opinbera með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum, í samráði við matvælaráðuneytið, Starfshópur þessi átti að skila tillögu til ráðherra fyrir 1. mars sl. Á fundi framkvæmdastjóra HAUST með starfshópnum í janúar var lögð áhersla á að styrkja stöðir eftirlitsins og gerð var grein fyrir þeim áskorunum sem embætti sem starfa á landsbyggðinni standa frammi fyrir. Biðin eftir niðurstöðum frá starfshópnum hefur sett mark sitt á andrúmsloftið að undanförunu og verður eflaust áhugavert að sjá hver niðurstaða hópsins verður.

Júlí 2023

Lára Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri HAUST